

17/1 kl 14<sup>00</sup>

Skógarvörður umdæmisins.

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ

1954.

Suðurlandsumdæmi.

Ýmsar framkvæmdir 1954.

Tunastaðir: Íbrekkuna var plantað 450 st. birki frá Rognan, var það sett með girðingunni syðst í brekkunni. Einnig var plantað 275 st. af ask frá Leksvík í Norður-Prændalögum.

Girðingar voru allar endurbættar. Sett var upp ný girðing um græðireitinn, einnig var girt beggja vegna sýsluvegarinnis, sem liggur í gegn um landið og losnum við þar með við tvö hlið.

Í girðinguna var notað vírnet og tveir strengir gaddavír, staurar allir galvanísiradir járnstaurar, hornstaurar allir steypfir niður. Á íbúðarhúsi var þakið lagað og málað. Rennubönd voru sett á öll hús og þakrennur keyptar. Verkamannabústaður var allur málaður að innan og þakið að hálfu leyti.

Pórsörk: "Farfuglar" plöntuðu í Sleppugili 2000 st. skógarfura 3/0 Troms-kyst, 1000 st rauðgreni 2/2 frá Rana, 100 st. blágreni frá Hallormsstað og 100 st sitkagreni 2/2 frá P.Pakenham.

Girðingin var sett upp á Krossáraurum og farið með allri girðingunni og hún lagfærð eins og hægt var. Í haust var farið með einn bílfarm af girðingarefni í Húsadal.

Þjórsárdalsgirðing: Farið var með allri girðingunni og hún lagfærð eins og hægt var. Á köflum er girðingin orðin léleg og þarf að lagfæra hana rekilega til að hægt sé að halda henni fjárlausri.

Skarfanes: Skógurinn í Lambhaga var grisjaður vestur af kofanum og 8 bílum af liminu ekið að Tunastöðum.

Skógarfura sem plantað var í Lambhaga 1950 hefur vaxið ágætlega og eru hæðstu plönturnar orðnar um 75 cm. Rauðgrenið hefur ekki vaxið

þar eins vel. Engu var plantað í Skarfanesi í ár.

Þverárauragirðing: Austast í girðinguna var plantað um 1000 st. af alaskalúpínu. 300 st. alaskaösp og 400 st. af sandtorn var plantað vestast í girðinguna. Frá gömlu lúpínuhnausunum breiðist mikið af plöntum og á parti myndar lúpínan samfeldan gróður. Í sumar var safnað 1.kg. af lúpínufræi á aurnum.

Álfhólagirðing: Í vor var bætt við 400 st. af birki í skjólbeltið.

Múlakotsreiturinn: Nokkuð var grisjað og lagfært í stöðinni. Eplatréin sem stóðu í grenilundinum austast, voru færð í reitinn neðan við álmskjólbeltið. Í vor var plantað eplatrjám í reitinn neðan við fossinn. Eplatréin í Hvamminum báru ávöxt í sumar, þó ekki fullþroska.

Plantað var tvöfaldri röð af abies laciocarpa með veginum frá hliði og upp að álmskjólbelti.

Stóru sitkagrenitréin austast báru fræ og var því safnað, einnig var safnað fræi af gullregni.

## Græðireiturinn á Tumastöðum 1954.

Vinna hófst í græðireitnum 20 apríl og lauk 25 nóv. Eins og undanfarið vann einn maður allan veturinn að viðgerðum, græðlingaklippingu o.fl.

Plantað var 290 m. löngu og 5 m. breiðu skjólbelti á bakka syðsta skurðar. Plöntur sem í það fóru voru, 580 st. þingviðir í nyrstu röðina og 1180 st. alaskaösp í fjórar raðir. Plægt var fyrir skjólbelti á skurðbakka vestur af íbúðarhúsi.

Áburður í reitinn var um 92 tonn húsdýraáburður og 4,5 tonn tilbúinn áburður. Á hverja 100 m<sup>2</sup> var borið 1000 kg. húsdýraáburður, 6 kg. 20,5% N, 9 kg. 43% P, og 9 kg. 50% K. Í júní var öllum dreifbeðsplöntum og raðsáningum vökvað með áburðarupplausn 4 kg. köfnunarefni 20,5% á hverja 50 m<sup>2</sup>.

Öllu fræi var raðsáð nema furu og birkifræi, því var breiðsáð. Sáð var undir vermiglugga og striga, nema furunni, þar voru beðin hulin með lyngi, meðan á spýrun stóð.

Vetrarumbúnaður hófst um mánaðarmótin ág. september. Torf var lagt með öllum dreifbeðs og raðsáðum plöntum, þar á ofan var allt þakið með hrísi eða lyngi.

Gerð var smá tilraun með að þekja dreifsáningar með viðarull. Þar sem dreifplantað var í vor, var plantað sólberjarunnum í þriðju hverja götu til skjóls.

Sett var upp 50 m. löng skjólgirðing af birkilimi, sem fest var á vírnet.

Lim sem notað var, var flutt frá Skarfanesi og Stálpastöðum, en lyng frá Hreðavatni.

Vermigluggar eru til yfir 750 m<sup>2</sup>.

Sáningar:

✓ Sitkagreni 102-100-52. <sup>Seward</sup> Mac Leod.	✓ 4,0 kg. í 80m <sup>2</sup>
✓ Sitkagreni 102-100-52. <sup>Seward</sup> Mac Leod.	✓ 6,0 - - 60- (Gróðurhús)
✓ Hvítgreni 308-100-53. Rabbit Creek.	✓ 0,6 - - 9-
✓ Sitka+Hvítgreni 401-200-52. Lawing.	✓ 3,9 - - 97,5-
✓ Sitka+Hvítgreni 402-100-51. Seward-Lawing	✓ 3,0 - - 75-
✓ Lerki 3601-1200-53. Altai Síbería	✓ 0,5 - - 22,5-
✓ Rauðgreni 3404-100-51. Sör-Helgeland.	✓ 1,0 - - 50-
✓ Rauðgreni 3403-100-51. Rana.	✓ 2,0 - - 100-
✓ Blágreni 2100-2460-52. Sapinero-Colorada	✓ 1,5 - - 60-
✓ Skógarfura 3005-100-38. Troms-hlíðar.	✓ 5,0 - - 200-
✓ Skógarfura 3006-100-47. S. Salten.	✓ 1,5 - - 60-
✓ Skógarfura 3008-100-47. Borelv Rövik.	✓ 1,0 - - 40-
✓ Kontortafura 1001-250-53. Skagway.	✓ 1,0 - - 40- } <i>hauk</i>
✓ Kontortafura 1001-400-53. Skagway.	✓ 0,25 - - 9-
✓ Birki 1901-200-53. Jean Lake.	✓ 3,0 - - 90-
✓ Birki 1902-100-53. Homer.	✓ 1,0 - - 30-
✓ Birki 1801-200-53. Jean Lake.	✓ 0,25 - - 8-
✓ Birki 001-100-51. Bæjarstaður.	✓ 3,0 - - 90-
✓ Birki 001-100-53. Bæjarstaður.	✓ 1,0 - - 30-
✓ Álmur	✓ 3,4 - - 58,5-

Samt. 42,9 kg. 1209,5 m<sup>2</sup>

*Álmur* 2

Haustsáningar:

Sitkagreni 101-100-51. Mac Leod.	✓ 1,0 kg. í 15 m <sup>2</sup> ✓
Rauðgreni 3404-100-51. <sup>N-</sup> Helgeland R. 100-1951	✓ 1,0 - - 40 - ✓
Kontortafura 1001-250-53. Skagway.	✓ 1,0 - - 25 - ✓
Skógarfura 3002-100-47. Sjomen.	✓ 0,25 - - 10 - X
Gullregn Múlakot.	0,25 - - 3 -
✓ Hlynur Laufásvegur, 37.	✓ 2,0 - - 10,5 -
✓ Hlynur Hellusund, 3.	✓ 0,9 - - 5 -
✓ Hlynur Njarðargata, 9.	✓ 0,9 - - 5,5 -
Alaskaeppli Múlakot.	0,4 - - 5 -
Seljureynir Múlakot.	✓ 0,7 - - 2,5 -
✓ Reynir Múlakot.	✓ 1,9 - - 12 -
✓ Reynir Skaftafell.	✓ 0,7 - - 5 -
Silfurreynir Akureyri.	✓ 1,25 - - 5 -
✓ Gráreynir Múlakot.	✓ 1,4 - - 6,5 -
	<hr/>
	Samt. 13,65 kg. 150 m <sup>2</sup>

Tilraunasáningar:

- Sitkagreni (Ohlson Mountain, Homer) 103-300-51.  
Sitkagreni (East Glacier, Chinitana Bay) 106-100-51.  
Sitkagreni (Crossman Ridge, Homer) 103-350-51.  
Sitkagreni (Red Glacier, Alaska Peninsula) 107-100-51.  
Sitkagreni (Frits cr, ridge, Homer) 103-250-51.  
Sitkagreni (Ohlson Mountain, Homer) 103-400-51.  
Sitkagreni (Martin river, Kachamak Bay, Homer).  
Sitkagreni (Red Glacier, Cook Inlet).  
Sitkagreni (Chinitna Bay, Cook Inlet).  
Sitkagreni (Rabbit Creek, Anchorage).  
Fjallapöll (Upper Lake, Skagway).  
Sitkaelri (Lawing).  
Sitkaelri (Homer).  
Hvítbirki (Rabbit Creek, Anchorage).  
Lúpína (Trout Lake).  
Redtop (Lawing).  
Redtop (Homer).  
Nothofagus (Magellasund, S. Amerika).  
Sib.eplatré (Skagway).  
Alaskaeplatré (Skagway).  
Sib.baunatré (Skagway).  
Fjallapínur (Skagway).

Tilraunum samt. sáð í 120 m<sup>2</sup>

Dreifplantað:

1954

Sitkagreni 1/0	170.000	st. ✓	Seward, 102-100-50.	✓	<i>20000</i>
Sitkagreni 2/0	19.400	✓	Mac Leod.	✓	45.000
Sitkagreni 2/2	5.400	- ✓	P. Pakenham.		
Sitka+Hvítgreni 2/0	1.140	- ✓	Lawing.	✓	<i>ásamt 10.000</i>
Hvítgreni 2/0	2.240	- ✓	Lawing.	✓	<i>10.000</i>
Rauðgreni 2/2	27.000	- ✓	Fellingfors.		
Rauðgreni 2/0	32.000	- ✓	Bindal.	✓	210.000
Skógarfura 3/0	85.000	- ✓	Troms-kyst.		
Fjallaböll 3/0	36.000	- ✓	Mac Leod.	✓	30.000
Birki 3/0	28.600	- ✓	Bæjarstaður.		
Reynir	40.500	- ✓	Barkarstaðir.		
Lerki 1/2	1.500	- ✓	Hakaskoja.	✓	
Lerki 2/0	4.500	- ✓	Brandbu, Noregi.	✓	
Lerki 1/2	630	- ✓	Heinola.	✓	
Askur	950	-			
Silfurreynir	350	-	Tumastaðir.		
Hlynur	780	-	Hellusund, 3.		
Alaskaösp	16.690	-			
Pingviðir	3.000	-			

Samt. 475.680 st.

*450  
- 100  
250  
- 100  
150*



Plöntur til dreifplöntunar næsta vor:

Sitkagreni 2/0	35.000 st.	Seward, 102-100-50.
Sitkagreni 2/0	35.000 -	Mac Leod, 101-100-50.
Sitkagreni 2/0	3.000 -	Homer.
Sitka+Hvítgreni 2/0	20.000 -	Lawing, 401-200-51.
Hvítgreni 2/0	10.000 -	Granite Creek, 301-200-51.
Rauðgreni 2/0	65.000 -	Bindal.
Rauðgreni 2/0	130.000 0	Afjörd, 3402-100-51.
Rauðgreni 3/0	150.000 -	Bindal.
Blágreni 2/0	40.000 -	Sapinero Colorado, 2001-2400-52.
Bergfura 2/0	15.000 -	Pyreneafjöll, 3200- 52.
Fjallafura 3/0	9.000 -	
Skógarfura 3/0	50.000 -	Troms-kyst.
Skógarfura 3/0	30.000 -	Hamaröy-kyst.
Græðlingar	30.000 -	
Samt.	622.000 st.	

Plöntur afhentar frá Tumastöðum vorið 1954:

Garðplöntur:	Reynir 2/2	2333 st.
	Lerki 1/2	350 -
	Alaskaösp <sup>0</sup> / <sub>1</sub> 1/0	14994 -
	Birki 2/2	825 -
	Sitkagreni 2/2	188 -
	Rifs	236 -
	Sólber	42 -
	Rauðgreni 2/2	14 -
	Sib.baunatré	67 -
	Spirea	300 -
	Heggur	23 -

Plöntur afhentar frá Tumastöðum vorið 1954. Framh.

Garðplöntur: Þingviðir 1/0<sup>c</sup>// 2180 st.

Álmur 230 -  
Samt. 21782 st.

Skógarplöntur:

Birki 2/2 og 3/0	40.625 st.	✓ Bæjarstaður.	41.450
Skógarfura 3/0	56.430 -	✓ Troms-kyst.	51.200
Skógarfura 2/2	25.075 -	✓ Innhavet.	25.075
Rauðgreni 3/2	36.830 -	✓ Fellingfors.	40.244
Rauðgreni 2/2	3.500 -	✓ Rana.	3.500
Lerki 2/2	21.000 -	✓ Hakaskoja.	21.000
Lerki 1/2	5.950 -	✓ Heinola.	5.950
Lerki 1/2	2.075 -	✓ Larix X.	2.075
Lerki 1/2	1.400 -	✓ Japanica.	1.400
Sitkagreni 2/2	9.967 -	✓ P.Pakenham.	10.155
Alaskaösp 1/0 <sup>c</sup> //	5.000 -	-	5.000
Bláþreni 2/2	100 -	✓ Hallormsstaður.	100
Askur 2/2	275 -	✓ Leksvik.	275
Samt. 208.227 st.			

Frá Plöntusölnunni í Reykjavík voru sendar að Tumastöðum 12.000 st. birki 3/0 og 150 st. sitkagreni (garðplöntur).

Að Stálpastöðum fóru 2.500 st. sitkagreni frá P.Pakenham og 2.500 st. rauðgreni frá Rana.

Austur í Bæjarstaðaskóg voru sendar 50 st. alaskaaspir og loost. sitkagreni frá P.Pakenham.

Til Skógræktarfélagis Mýrdælinga 3000 st. sitkagreni P.Pakenham, var þeim öllum plantað í Sólheimakotsgirðinguna. Einnig fengu þeir

1000 st. rauðgreni frá Fellingfors og var þeim plantað í Heiðar-  
dalsgirðinguna.

Til Skógræktarfélagssins "Mörk" voru sendar 7000 st. rauðgreni  
frá Fellingfors og 1000 st. skógarfura Troms-kyst, meginu af  
þessum plöntum var plantað í Holtsdalsgirðingu.

Í brekkuna fyrir ofan Skógaskóla var plantað 7700 st. birki,  
1800 st. rauðgreni Fellingfors, 200 st. skógarfura Troms-kyst og  
300 st sitkagreni P.Pakenham.

Plöntur til afhendingar vorið 1955.

Sitkagreni 2/2	25.288 st.	Mac Leod.
Sitkagreni 2/2	500 -	Homer.
Sitkagreni 2/2	900 -	P.Pakenham.
Skógarfura 2/2	40.000 -	Innhavet Hamaröy.
Skógarfura 3/0	5.000 -	Troms-kyst.
Fjallafura 3/0	1.000 -	4000
Hvítgreni 2/2	1.500 -	Lawing.
Reynir yfir 50 cm.	700 -	
Alaskaösp	8.000 -	8000
Þingviðir	800 -	12800

Samt. 83.688 st.

12.800

70.888

1953 er dreifsla 339.850 pl.

= 340.000 dreifs íð komu

70.000 sko framman

1/5

Plöntuhöld og veðurfar 1954.

Laufgun í birkiskjólbeltunum var 24 maí og lauffall 25 sept. Holklaki gerði lítið sem ekkert vart við sig í vetur og komu dreifbeðsplöntur vel undan vetri.

Í vetur fóru 1/0 sitkagrenisplöntur mjög illa, þó held ég að það hafi ekki komið í þær mygla, því barrinu héldu þær grænu fram í júní. Þessi dauði var eingöngu í þeim beðum þar sem vernigluggar voru hafðir yfir og gæti ég trúað að of heitt hafi orðið undir gluggunum í apríl og plönturnar byrjað að vaxa, en fyrstu vikuna í maí gerði hér hörku frost og plönturnar þá drepist.

Í janúar og febrúar var hér oftast suðlæg átt og rigning.

6 marz gerði eitt hið mesta norðanveður sem hér hefur komið.

Sinu skóf af jörðu og fyllti alla sáðbeðskassa og urðum við að taka allan vetrarumbúnað af sáðbeðum og hreinsa þau, því hætt var við að mygla hefði komið þegar hlýnaði.

Apríl mánuður var mildur og jörð orðin klakalaus 20 apríl.

Vorið og sumarið var gott.

Haustið og veturinn til áramóta var umhleypingasamt.

Ferðalög.

Í febrúar sat ég fund með skógræktarstjóra og skógarvörðum í Reykjavík, þar sem rædd voru fjármál og hvað gera skyldi á árinu. 4-6 apríl fór ég austur í Mýrdal, í þeirri ferð var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Mýrdælinga. 10 apríl var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Árnesinga. 8 maí á aðalfundi Skógræktarfélags Rangæinga að Hellu. 2-4 júlí sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Hallormsstað. 15-19 sept. fór ég með skógræktarstjóra að Vöglum. 25-26 okt. fór ég einnig með skógræktarstjóra austur í Skaftafellssýslu. Nokkrar ferðir í Skarfaness, Þórsmörk og Þjórsárdal fór ég í sumar. Eftirlits og leiðbeiningarferðir um Árnes og Rangárvallasýslur fór ég einnig nokkrar.

Tumastöðum 31/12 1954.

*Gaspar Jónsson*